

Nd.

895. Frumvarp til laga

[54. mál]

um vitamál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 676 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra.

Ráðherra ræður annað starfslið Vitastofnunar.

Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.

5. gr. hljóðar svo:

Vitanefnd skipa sex menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fimm skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar sjötta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.

Vitamálastjóri situr fundi Vitanefndar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Landhelgisgæslunni, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila,

8. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vitastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

16.—18. gr. (síðustu greinar frv.) hljóða svo:

16. gr.

Ráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitastofnunar Íslands, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23 11. júlí 1911; 16 14. júní 1929; 43 14. júní 1929; 43 19. júní 1933; 31 13. júní 1937; 63 7. maí 1940; 50 11. júní 1960 og 61 29. maí 1972.